

Viðiakrar II : Samanburður á vexti
Alaskaviðis á plastlögðu og
plastlausu landi í Rauðholti
Hjaltastaðaþinghá.

Þorbergur Hjalti Jónsson



RANNSÓKNASTÖÐ SKÓGRÆKTAR RÍKISINS

Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins Mógilsá
Rit 2(2) 1988

Viðiakrar II : Samanburður á vexti
Alaskaviðis á plastlögðu og
plastlausu landi i Rauðholti
Hjaltastaðapิงhá.

Þorbergur Hjalti Jónsson

ABSTRACT

Jonsson, T.H. 1988. (Research Scientist IFRS Mógilsá). Short Rotation Willow Plantations II : Observations on the Effect of Polythene Mulch on the of Salix alaxensis. Iceland Forest Research Station, 1988. (IFRS Report ; 2(2)).

In 1980 pilot studies were initiated into the feasibility of short rotation willow culture as a source of raw materials for a proposed silicon alloy plant in East Iceland. In 1982 trial planting was started for these studies. This report presents the results of one of these trial plantings made in 1983. At Rauðholt farm ($65^{\circ} 15'N$, $12^{\circ} 13'W$, altitude 10 m) a four meter by 100 m strip of a drained peat bog was rotavated and fertilized with compound fertilizer (400 kg/ha, NPK 12:19:19). Half the area was covered with black polythene mulch in two one meter strips. A two meter wide belt was left uncovered between the polythene strips. Unrooted cuttings (ca 25 cm long) of Feltleaf Willow (Salix alaxensis (Anderss.) Cov., provenance Ptarmigan Creek, Kenai Peninsula, Alaska, $60^{\circ} 20'N$, $149^{\circ} 30'W$) were manually planted (9 cuttings/m²). Five years later the willow had produced 12,2 times more dry matter per hectare on the polythene mulch than on the uncovered belt. Individual willow plants were 3,3 times larger on the polythene than at the uncovered strip. Five years dry matter production (DM) per hectare (ha) was 9,4 t (1,9 t DM/ha/yr) on the polythene but only 0,8 t DM/ha (0,2 t DM/ha/yr) on the uncovered ground.

SAMANTEKT

Í þessari athugun er borinn saman vöxtur Alaskaviðis á plastlöögðu og plastlausu landi í 100 m löngu belti í Rauðholti í Hjaltastaðapิงhá.

Plastdúkur var lagður á tvær eins metra breiðar reinar í beltinu en tveir metrar voru plastlausir milli reinanna. Jarðvinnsla og áburðargjöf var sú sama undir plastinu og utan þess.

Alaskaviði (grænbarka) var stungið í beltið allt. Vöxtur var mun meiri á plastinu en milli plastreinanna. Þurrefnisvöxtur var tólfaldur á plastlagða landinu saman borið við plastlausu landið. Plöntur voru einnig riflega prefalt stærri á plastlagða landinu fimm sumrum frá stungu.

Grasvöxtur var mikill á plastlausu landinu. Þessi grasvöxtur veldur liklega miklu um minni vöxt viðisins á plastlausu landinu.

INNGANGUR

Árið 1980 hófust athuganir á ræktun iónviðar á Fljótsdalshéraði. Áhugi á þessari ræktun kvíknaði vegna kísilmálverksmiðju, sem þá var ætlunin að reisa á Reyðarfirði. Sú verksmiðja hefði þurft allmikinn iónvið til framleiðslunnar.

Vorið 1982 hófust ræktunartilraunir í Hjaltastaðapิงhá og viðar á Héraði. Í þessum tilraunum átti að kanna ræktunartækni og viðarvöxtur á þessu svæði.

Árið 1984 tók Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins við faglegri forystu þessara rannsókna, en heimamenn hafa séð um framkvæmdir að mestu.

Hér er fjallað um vöxt Alaskaviðis í belti, sem gert var árið 1983. Beltið var gert til að prófa áhrif plastþakningar jarðvegs á vöxt viðis.

ATHUGUNARSTAÐUR

Athugunin var gerð á viðibelti á tilraunalandinu í Rauðholti í Hjaltastaðapิงhá ($65^{\circ}30'N$, $15^{\circ}16'V$, 20 m yfir sjávarmáli). Tilraunalandið er á framræstu, flötu myrlendi vestan bæjarins í Rauðholti. Mýrin er nokkuð blaut þrátt fyrir framræsluna. Jarðvegssýni frá 1985 gefa til kynna sýrustig á bilinu pH 4,5 til 5,5 og lítinn nýtanlegan fosfór (4).

AÐFERÐIR

Vorið 1983 var land unnið. Liðlega fjögurra metra breið og 100 metra löng spilda var tætt, og áburður borinn í flagið (400 kg/ha, græðir 1A, NPK 12:19:19).

Svartur plastdúkur var lagður á tvær raðir við sinn hvora hlið spildunnar. Til að plastdúkurinn fyki ekki var jaðar hanns grafinn niður.

Þegar frágangi var lokið var hvor plaströð eins metra breið og 100 m löng. Milli plastraðanna var tveggja metra breið spilda af unnu og ábornu landi.

Í hvora plaströð var stiklingum af Alaskaviði stungið í þrjár raðir með um 30 til 40 sm millibili (9 plöntur/m^2). Einnig var á sama hátt stungið í þrjár raðir í spilduna milli plastraðanna.

Grænbarka Alaskaviðir var notaður. Þessi viðir er einnig kendur við Öla Val Hannsson og þá nefndur Ólaviðir. Afbrigðið er kvennplanta upprunnin frá Ptarmigan Creek á Kenaiskaga í Alaska ($60^\circ 20' \text{ N}$, $149^\circ 30' \text{ V}$).

Þvert á mitt beltið var reist girðing, sem á var strengd loðnunót. Engin umönnun var síðan um plönturnar og gréri landið upp milli plastbeðanna. Fimm árum eftir stungu viðisins var þéttur grassvörður á plastlausa svæðinu. Litið sem ekkert gras var á plastþakta svæðinu, enda var plastið nær óskemmt.

Um miðjan ágúst 1984 var mæld lengd allra viðisprota í beltinu.

Snemma vetrar 1987 (13:10:1987) var mældur viðarvöxtur í beltinu. Vöxtur var mældur á vestara plastlagða beðinu og á plastlausa landinu í miðju beltisins.

Á tíu metra bili var viðirinn skorinn af fimm metra löngum skákum úr beltinu. Skorið var á sama stað bæði á plastlöögðu og plastlausu landi.

Af þessu landi var allur viðir skorinn við rót. Viðinum af plastlagða og plastlausa landinu var haldið aðskildum í merktum plastpokum.

Öll uppskeran var flutt að Hallormsstað og vigtuð þar innanhúss. Allt lauf var strokið af viðinum fyrir vigtun og sprotar og lauf vigtuð sitt í hvoru lagi.

Að vigtun lokinni voru teknar þrjár plöntur af hverjum reit til frekari mælinga. Sprotarnir voru vigtaðir strax, en síðan fluttir að Mógið til frekari athugana. Þar voru lauf og sprotar aðgreind á hverjum sprota og hvorutveggja þurrkað við 105°C í 48 klst. Að þurrkun lokinni var viðirinn vigtaður á ný og reiknað þurrefnni í hverju sýni.

Sýnum var safnað kerfisbundið í þessari athugun. Þannig er aðeins ein fritala í gagnasafninu. Af þessum sökum er ekki gerð tilraun til tölfraðilegs samanburðar í úrvinnslu gagnanna.

NIÐURSTÖÐUR

Liðlega ari eftir gróðursetningu eru sprotar að meðaltali lengri á plastlagða beðinu en milli plastbeða (tafla 1).

Eftir fimm sumra vöxt er vöxtur Alaskaviðisins á plastinu liðlega tólf falt meiri en milli plastbeðanna (mynd 1). Plönturnar á plastbeðinu eru um þrisvar sinnum stærri en jafnaldrar þeirra á plastlausu spildunni (mynd 2).


Á plastlagða landinu lifðu nær allar plönturnar fyrstu fimm árin eftir stungu, en á plastlausa landinum voru veruleg afföll.

Tafla 1. Mæling á lengd viðisprota í ágúst 1984.

| Meðferð | Meðaltal allra sprota | Meðaltal 10 lengstu | Lengsti sproti |
|------------|--------------------------|------------------------|-------------------|
| Plastlagt | 45,7 sm | 65,9 sm | 76 sm |
| Plastlaust | 33,9 sm | 47,1 sm | 50 sm |


Þurrvigt tonn/ha.
Dry Weight tonn/ha.

Þurrvigt g/plöntu
Dry Weight g/plant



Mynd 1
Sex sumra viðarvöxtur.
á plastlausu landi (a),
á plastþökta landi (b).

Fig 1
Six years biomass production.
Without polythene mulch (a),
with polythene mulch (b).



Mynd 2
Stærð viðiplantna.
á plastlausu landi (a),
á plastþökta landi (b).

Fig 2
Plant size.
Without polythene mulch (a),
with polythene mulch (b).

UMRÆDA

Vöxtur er mun meiri á plastlagða landinu en því plastlausu. Þetta er í ágætu samræmi við niðurstöður erlendra tilrauna (1,2,3).

Áhrif plastins geta verið margskonar. Jarðvegur hitnar e.t.v. meira undir plastinu, jarðraki er meiri nær yfirborði, illgresi spillir ekki vexti auk þess sem plastið getur haft margskonar bein og óbein áhrif á jarðvegslíf, loft og efnaferli (2).

Erlendar rannsóknir benda til að jákvæð áhrif plastsins á vöxt séu fyrst og fremst vegna minni samkeppni frá illgresi (1,2,3). Plastlausa landið er algróið grasi og viðirinn virðist þrifast þar mjög illa. Grasið veldur því líklega þeim mun, sem er á plastlagða og plastlausa landinu í þessari athugun.

Fjórfaldur munur er á áhrifum plastsins á vöxt viðis á flatareiningu og vöxt einstakra plantna. Afföllin skýra líklega þennan mun á vexti einstakara plantna og viðarvexti á flatareiningu. Það lætur því nærri að einungis fjórðungur plantnanna sé á lifi í plastlausa landinu fimm árum eftir stungu þó nær allar plöntur lifi á plastinu.

ÁLYKTANIR

Verulegur ávinningur virðist af plastþakningu lands fyrir ræktun viðis.

FREKARI RANNSÓKNIR

Nauðsynlegt er að kanna kostnað og tækni við plastlagningu, svo og langtímaáhrif plastsins á vöxt og afkomu viðisins.

ÞAKKIR

Höfundur vill þakka Jóni Loftssyni skógarverði á Hallormsstað og starfsmönnum hans aðstoð við gagnasöfnun. Sævari Sigbjarnarsyni vil ég þakka frumkvæði og ágætan viðurgerning. Úlfvi Óskarssyni sérfræðingi á Mógilsá og Jóni Gunnari Ottóssyni rannsóknastöðvarstjóra vil ég þakka yfirlestur og góðar ábendingar.

TILVITNANIR

- (1) Davies, R. J. 1988. Sheet Mulching as an Aid to Broadleaved Tree Establishment : I. The Effectiveness of Various Synthetic Sheets Compared. *Forestry*, 61(2). 89-105
- (2) Davies, R. J. 1988. Sheet Mulching as an Aid to Broadleaved Tree Establishment : II. Comparison of Various Sizes of Black Polythene Mulch and Herbicide Treated Spot. *Forestry*, 61(2). 107-124.
- (3) Energiskogsodling : Utarbetad av en forskargrupp under ledning av professor Gustaf Sirén, Institutionen för ekologi och miljövård, Sveriges lantbruksuniversitetet. Nämnden för energiproduktionsforskning. Stockholm 1983. 255s.
- (4) Þorbergur Hjalti Jónsson. 1988. Viðiakrar III : Athugun á áhrifum áburðargjafar á vöxt Alaskaviðis í Rauðholti í Hjaltastaðaþinghá. *Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins*, 1988. (Rannsóknaskýrsla ; 2(3)). 10s.

VIÐAUKI 1 Uppskera. Blautvigt viðis á mælireit
(g/mælireit).

Appendix 1 Willow biomass harvested per plot, freshweight
(g/plot).

| Reitur | Plastlagt | | Plastlaust | |
|----------|-----------------|--------------|---------------|--------------|
| | Sprotar | Lauf | Sprotar | Lauf |
| plot | Polythene stems | mulch leaves | without stems | mulch leaves |
| 1 | 10.628 | 2.220 | 2.694 | 770 |
| 2 | 10.185 | 1.486* | 1.953 | 352 |
| 3 | 7.869 | 2.254 | 1.300 | 449 |
| 4 | 10.579 | 2.452 | 686 | 231 |
| 5 | 7.521 | 1.824 | 1.016 | 321 |
| Meðaltal | 9.356 | 2.047 | 1.529 | 424 |
| mean | | | | |

Stærð reita: fimm fermetrar á plastlöggðu landi (5x1 m)
tíu fermetrar á plastlausu landi (5x2 m)

plot size: Polythene mulch; (5x1 m)
without mulch; (5x2 m)

VIÐAUKI 2 Fimm ára viðivöxtur miðað við hektara (þurrvigt tonn/ha).

Appendix 2 Five years willow biomass production (tonnes DM/ha).

| Reitur | Plastlagt | | | Plastlaust | | |
|----------|-----------------|--------------|-------|---------------|--------------|-------|
| | Sprotar | Lauf | Alls | Sprotar | Lauf | Alls |
| plot | polythene stems | mulch leaves | total | without stems | mulch leaves | total |
| 1 | 10,63 | 1,15 | 11,78 | 1,35 | 0,20 | 1,55 |
| 2 | 10,19 | 0,77 | 10,96 | 0,98 | 0,09 | 1,07 |
| 3 | 7,87 | 1,17 | 9,04 | 0,65 | 0,12 | 0,77 |
| 4 | 10,58 | 1,28 | 11,86 | 0,34 | 0,06 | 0,40 |
| 5 | 7,52 | 0,95 | 8,47 | 0,51 | 0,08 | 0,59 |
| Meðaltal | 9,36 | 1,06 | 10,42 | 0,77 | 0,11 | 0,86 |
| mean | | | | | | |

VIÐAUKI 3 Stærð viðiplantna.
Appendix 3 Size of willow plants

| Reitur plot | Plastlagt with mulch | | | Plastlaust without mulch | | |
|----------------|-------------------------|-----|------|-----------------------------|-----|------|
| | FV | PV | RH | FV | PV | RH |
| 1 | 616 | 311 | 0,50 | 154 | 74 | 0,48 |
| 1 | 344 | 164 | 0,48 | 140 | 66 | 0,47 |
| 1 | 583 | 295 | 0,51 | 152 | 74 | 0,49 |
| 2 | 436 | 226 | 0,52 | 333 | 165 | 0,50 |
| 2 | 394 | 198 | 0,50 | 234 | 117 | 0,50 |
| 2 | 322 | 165 | 0,51 | 114 | 58 | 0,51 |
| 3 | 495 | 242 | 0,49 | 281 | 142 | 0,51 |
| 3 | 484 | 231 | 0,48 | 81 | 39 | 0,48 |
| 3 | 897 | 430 | 0,48 | 107 | 55 | 0,51 |
| 4 | 639 | 340 | 0,53 | 101 | 50 | 0,50 |
| 4 | 643 | 343 | 0,53 | 63 | 31 | 0,49 |
| 4 | 451 | 220 | 0,49 | 72 | 36 | 0,50 |
| 5 | 271 | 136 | 0,50 | 258 | 133 | 0,52 |
| 5 | 553 | 262 | 0,47 | 115 | 54 | 0,47 |
| 5 | 328 | 159 | 0,48 | 50 | 25 | 0,50 |
| Meðal | 497 | 248 | 0,50 | 150 | 74 | 0,50 |

Skýringar:

FV Blautvikt plöntu grömm.

PV : Þurrvikt plöntu grömm.

RH : Þurrefnisgildi (þurrvikt/blautvikt)

Legend:


FV Fresh weight in grammes per plant.

PV Dry weight in grammes per plant.

RH : Dry matter proportion, dry weight/fresh weight.



RANNSÓKNASTÖÐ SKÓGRÆKTAR RÍKISINS
THE ICELAND FOREST RESEARCH STATION
STATENS SKOGRÖKTS FORSKNINGSSTASJON



Rannsóknastöð
Skógræktar ríkisins
Mógilsá
270 Mosfellsbær

Iceland Forest
Research Station
Mógilsá
270 Mosfellsbær
Iceland

Statens Skogrøkts
Forskningsstasjon
Mógilsá
270 Mosfellsbær

Sími: 91-666014

Tel.: (9)1-666014

Tel.: (9)1-666014